

GJALDSKRÁ

HEF veitna fyrir Seyðisfjörð.

1. Sala á heitu vatni.

Taxti	Tegund	Eining	Án vsk	Með 11% vsk	Skýring
Seyðisfjörður, fjarvarmaveita					
SH1	Fastagjald	kr./ár	53.483	59.366	Íbúðarhús
	Vatnsgjald	kr./m ³	145,56	161,57	
	Orkugjald	kr./kWst.	13,44	14,92	
SH10	Fastagjald	kr./ár	53.483	59.366	Íbúðarhús án niðurgreiðslu
	Vatnsgjald	kr./m ³	145,56	161,57	
	Orkugjald	kr./kWst.	13,44	14,92	
SH2	Fastagjald	kr./ár	53.483	59.366	Annað en íbúðarhús án niðurgreiðslu
	Vatnsgjald	kr./m ³	145,56	161,57	
	Orkugjald	kr./kWst.	14,04	15,59	
SH23	Fastagjald	kr./ár	53.483	59.366	Stórnot/sundlaugar án niðurgreiðslu
	Vatnsgjald	kr./m ³	292,54	324,72	

Minnsta sölumagn um hemil er 3 l/mín.

2. Niðurgreiðslur og virðisaukaskattur.

2.1 Niðurgreiðslur.

Orkustofnun hefur umsjón með niðurgreiðslum, sjá nánar á vef Orkustofnunar: www.os.is.

2.2 Virðisaukaskattur.

Virðisaukaskattur á húshitun er 11%. Virðisaukaskattur á tengigjöld til húshitunar er 11%, önnur tengigjöld bera 24% vsk. Virðisaukaskattur af þjónustu ræðst af veitutaxta.

3. Tengigjöld.

3.1 Tengigjöld í þéttbýli.

Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er 537.937 kr. án vsk.

Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast 139.160 kr. án vsk.

3.2 Takmörkun.

HEF veitum er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.

3.3 Aukakostnaður.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en gildandi gjaldskrá segir til um samkvæmt lið 3.1 skal greiða þann áætlaða kostnað sem umfram er.

3.4 Tengigjöld í dreifbýli, frávík og breytingar.

Gjöld fyrir dreifbýli og við fullfrágengnar götur svo og aðrar stærðir heimæða í þéttbýli en um getur að ofan svo og fyrir breytingar greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.

3.5 Endurtenging.

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði má búast við aftengingu heimæðar. Falli notkun um heimæð niður í að minnsta kosti 1 ár, telst heimæð aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefst notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta SH1 fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu auk endurtengingargjalds 47.278 kr. án vsk. Gjald fyrir lokun veitu þar sem grafa þarf niður á lögn 206.899 kr. án vsk.

3.6 Annað.

Heimæðar eru í eigu HEF veitna en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.

4. Þjónusta.*4.1 Vanskilainnheimta VI100.*

Gjald lagt á útsendingu innheimtubrýfs samkvæmt 6. gr. reglugerðar 37/2009, um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.

4.2 Veitulokun VI200.

		Án vsk
Gjald fyrir lokun veitu á vinnutíma	kr./lokun	20.916
Gjald fyrir opnun veitu á vinnutíma	kr./opnun	0
Gjald fyrir opnun veitu utan vinnutíma	kr./opnun	41.825
Innheimtugjald vegna vanskila:		
Gjald fyrir lokun veitu þar sem grafa þarf niður á lögn		195.599

4.3 Mælaálestrar VP100.

Reglubundnir álestrar	kr./álestur	0
Aukaálestur starfsmanns veitu	kr./álestur	8.713
Aukaálestur, sjálfsálestur notanda	kr./álestur	0

4.4 Útkall VP300.

Útkall á vinnutíma	kr./útkall	20.916
Útkall utan vinnutíma	kr./útkall	41.825

4.5 Seðilgjald.

Seðilgjald	kr./reikn.	280
------------	------------	-----

5. Almennar skýringar.*5.1 Innheimtugjald.*

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu, lagt á við útsendingu innheimtubrýfs.

5.2 Lokunargjald.

Gjöld til greiðslu kostnaðar við að loka og opna fyrir afhendingu á heitu vatni.

5.3 Aukaálestrar.

Aukaálestrar skulu að jafnaði fengnir með sjálfsálestri notanda sem komið er til skila gegnum síma, skriflega eða með innslætti á vef HEF veitna „Mínar síður“; www.hef.is.

5.4 Útkall.

Útkall vegna bilunar sem reynist vera í veitu (kerfi) notanda skal hann greiða samkvæmt gjaldskránni.

5.5 Greiðslumátagjöld.

Greiðslumáti er samheiti yfir það með hvaða hætti reikningur sem til verður í reikningskerfi er gerður greiðsluhæfur fyrir viðskiptavininn. Dæmi um greiðslumáta: beingreiðsla, boðgreiðsla, bankagreiðsla á greiðsluseðli, greiðsla í heimabanka, rafrænn greiðslumáti o.s.frv.

6. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, til að öðlast gildi 1. janúar 2026. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 1682/2024.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 10. desember 2025.

F. h. r.

Stefán Guðmundsson.

Hreinn Hrafnkelsson.